

L Ö G
um eyðingu svartbaks.

104
20. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1951.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

105
24. des.

um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal þó frá 1. júní 1951 að telja greiða verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvisitölu fyrir maímánuð 1951. Hinn 1. september, 1. desember 1951 og 1. marz og 1. júní 1952 skal verðlagsuppbót á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem að framan greinir, breytast samkvæmt kaupgjaldsvisitölu næsta mánaðar á undan.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal breytast þannig, að hlutfallið milli kaupgjalds fyrir þessa vinnu og dagvinnu viðkomandi launþega haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkæzt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Verðlagsuppbót þessi greiðist frá 1. maí 1950. Viðkomandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá.

105

24. des.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú hækka laun samkvæmt 1. málslið 1. gr., áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellingum hækki tilsvarendi frá sama tíma og launahækkunin verður.

3. gr.

2. efnismálsg. 2. gr. laga nr. 117/1950 orðast svo:

Framleiðslugjald skal lagt á alla sild, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar, og skal það nema 8% af fersksildarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hluttryggingasjóðs bátaútvegsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórnin lætur fara fram fyrir 1. júní n. k. athugun á launum og viðbótarlaunum starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, svo að ljóst sé, hverjar heildartekjur þeirra eru í launum frá ríkissjóði eða ríkisfyrirtækjum, samfara upplýsingum um þann vinnutíma, sem aðili lætur í té fyrir greidd laun. Að lokinni þeirri athugun og á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir, skal ríkisstjórnin gera á ný tillögur um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og leggja þær síðan ásamt upplýsingunum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

106

24. des.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1952 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.